

1863. þær birtið það beiðanda, að dómsmálastjórnin eptir atvikum málsins fellst á, að honum sé veitt 5 rd. þóknun á ári fyrir greindan starfa sinn, og skuli það talið frá 1. degi janúarmán. þ. á. Því skal við bætt, að landfógeta á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða fê þetta þegar þær æskið þess.

10. septbrm. **74. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um arf Jóns bókbindara Jóhannessonar.**

Í bræfi 18. septembermán. f. á. létuð þær, herra amtmaður, í ljósi grun um, að Jón bókbindari Jóhannesson, sem þar er um rætt, muni hafa gjört sig sekan í þjófnæði í norður- og austurumdæminu á Íslandi, og síðan hafa flúið af landi burt til að komast hjá hegning laganna, en þetta verður að yðar áliti að vera til tálmunar því, að honum, svo sem hann hafði um beðið, verði útborgaður arfur, er honum hafði hlotnast eptir móður sína og bróður látin, en sá arfur er að upphæð 106 rd. 20 sk., og stendur inni í jarðabókarsjóðnum. Fyrir því ritaði dómsmálastjórnin amtmanninum í norður- og austurumdæminu um málefni þetta, en hann hefir skýrt frá, að hann hafi ekki orðið þess vísari, að Jón þessi Jóhannesson hafi verið ákærður þar í umdæminu, en þarámóti hafi hann við eptirgrennslun frétt, að eptir að Jón á ýmsum stöðum í Eyjafjarðar sýslu hafi verið búinn að fá fêlán, er innan skamms tíma hafi átt að borgazt aptur, hafi hann á laun farið burt af Íslandi.

En með því það, sem þannig er bert orðið um Jón Jóhannesson, ekki veitir hinu opinbera heimild til að tálma því á nokkurn hátt, að honum verði útborgaður greindur arfur hans, þá hefir stjórnarráðið hlutazt til um, að fêð verði greitt úr aðalfêhirzlu ríkisins hær í bænum og sent hinum konunglega kaupræðismanni í Kristjaníu, til þess hann síðan komi því til skila til hlutaðeiganda.